

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0065
LA

Efni: Umsögn um tilkynningu vegna efnistöku á hafsbotni úr Kiðafellsnámu

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 30. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort aukin efnistaka á hafsbotni úr Kiðafellsnámu á vegum Björgunar ehf. eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 111/2021.

Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar frá 2009 um efnistöku á hafsbotni í Hvalfirði í sex námum kenndar við Kiðafell, Brekkuboða, Laufgrunn, Eyri, Hálsnes og Hrafneyri. Í álit Skipulagsstofnunar 2009 kemur fram að leyfi til nýtingar á efni af hafsbotni í Hvalfirði ætti að binda skilyrðum sem náðu ekki fram að ganga vegna skorts á lagaheimildum.

Frá 2009-2019 hefur Björgun ehf. leyfi Orkustofnunar til efnistöku í Kiðafellsnámu, á um 122 ha svæði, allt að 2.045.00 rúmmetra af lausum jarðefnum og endurnýjað leyfi frá janúar 2021 um allt að 1.667.000 rúmmetra efni. Fram kemur í tilkynningu að efnistaka á árunum 2009-2019 var einungis 18% af heimiluðu magni tímabilsins. Við nýlegar rannsóknir á lausum jarðlögum innan efnistökusvæða Björgunar ehf. hefur komið í ljós að minna er af vinnanlegu efni í Laufagrunnsnámu en áður var talið en á móti er meira af efni í Kiðafellsnámu. Út frá þessu áformar framkvæmdaraðili að auka efnistöku í Kiðafellsnámu í allt að 4-5 milljónir rúmmetra. Mörk efnistökusvæðisins eru þau sömu.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um framkvæmdina og tekur undir fyrri ábendingar ýmissa aðila um skort á grunnögnum um lífríki eða vistkerfi í hafi Hvalfjarðar og óvissu um áhrif framkvæmda á þessa umhverfisþætti, bæði innan og utan efnistökusvæðisins.

Í mati á umhverfisáhrifum 2009 var bent á erlendar rannsóknir sem sýna að endurnýjun lífmassa taki langan tíma og að á efnistöku minnki lífmassi um allt að 82% vegna efnistöku og rúm 34% í næsta nágrenni hans (Álit Skipulagsstofnunar um efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði, 25. febrúar 2009, slóð:

<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/616/2008070027.pdf>).

Í skýrslu frá 1980 um rannsóknir á botndýralíf í Hvalfirði kemur fram að lífríki er fjölbreytt á flestum sýnatökustöðum og að þar séu m.a. að finna kóralþörungum (Kristín Aðalsteinsdóttir og Arnþór Garðarsson, 1980. Botndýralíf í Hvalfirði. Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrit nr. 14. 169 bls. http://luvs.hi.is/system/files/fjolrit/fjolrit14_low_res2.pdf). Þessar rannsóknir gætu nýst til samanburðar um ástand botndýralífs Hvalfjarðar í dag. Þrátt fyrir að lífríki eða vistkerfi hafi ekki sérstaklega hátt verndargildi geta þau skipt máli er varðar fæðuöflun og búsvæði annarra lífvera.

Í nýlegri skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá 2021, um friðuð svæði innan landhelgi Íslands og viðkvæm vistkerfi, kemur fram að þörf er á ítarlegri rannsóknum og úttekt á hafsvæðum Íslands.



Óröskuðum svæðum, einkum á grunnsævi, fækkar stöðugt og í Evrópu eru þau víða orðin fágæt (Steinunn Hilma Ólafsdóttir og Klara Jakobsdóttir 2021. Friðuð svæði innan landhelgi Íslands og viðkvæm vistkerfi. Haf- og vatnarannsóknir. HV2021-49)

Erfitt er að meta rask vegna framkvæmda á hafsbotni nema að fyrir liggi kort gerð með fjölgeislamælingum. Slíkt kort fylgdi tilkynningu um Kiðafellsnámu og má sjá að hafsbotn innan afmarkaðs efnistökusvæðis er að mestu leyti raskaður nema einna helst á vestanverðu svæðinu þar sem dýpi er mest. Þrátt fyrir að fjölgeislamælingin sé bundin við afmörkun er augljóst að raskið nær út fyrir mörk svæðisins í norðri og suðri.

Laus jarðefni eru dýrðmæt auðlind til ýmissa framkvæmda. Þessi jarðefni er oft fengin úr myndunum frá síðjökultíma þegar ísaldarjökklar hörfuðu og sjávarstaða tók breytingum. Í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eru þessar myndanir á landi nær allar raskaðar eða horfnar vegna efnistöku og á síðustu áratugum hefur verið aukin ásókn í þær á hafsbotni. Þrátt fyrir að laus jarðlög frá lokum ísaldar njóti ekki verndar innan náttúruverndalaga þá hafa þær að geyma mikilvægar upplýsingar sem tengjast jöklunarsögu landsins og áhrif loftslagsbreytinga í lok ísaldar. Þessar upplýsingar geta reynst mikilvægar í tengslum við loftslagsvá okkar tíma. Mælst hefur verið til þess innan stjórnsýslunnar að takmarka efnistöku á landi við eina stóra námu í stað margrar minni til að lágmarka rask á jarðmyndunum. Þetta ætti einnig að gilda um efnistöku á hafsbotni. Í ljósi þess að Laufagrunnsnáma uppfyllir ekki væntingar framkvæmdaraðila um efnistöku ætti að stöðva þar áframhaldandi efnistöku.

Í mati á umhverfisáhrifum gerði Siglingastofnun öldufarsrannsóknir í Hvalfirði með áherslu á námusvæðin til að leggja mat á áhrif efnistöku á landbroti í Hvalfirði fyrir árin 2008-2018. Þörf er á að kanna hvort þetta mat hafi gengið eftir.

Vegna umfangs þeirra efnistöku sem fyrirhuguð er við Kiðafellsnámu og þeirra óvissu sem enn ríkir um áhrif hennar á sjávarumhverfið og strandrof, er ljóst að þörf er á frekari rannsóknum. Því má rökstyðja að framkvæmdin eigi að vera matsskyld.

Virðingarfyllt,



Lovísa Ásbjörnsdóttir, jarðfræðingur
Svið Náttúruverndar

